

Ertur (*Pisum sativum*)

Enska; Garden pea, Field pea, danska; Mark-Ært, Almindelig ært, norska; Ert, sænska; Foderärt, Trädgårdsärt

Tegundalýsing og kjörlendur

Ertur eru einærar belgjurtir með ferköntuðum stilk. Stilkurinn er frekar veikur og verður oft um hálfur meter á hæð og styðst við annan gróður. Til eru margar gerðir af ertum sem deilt er á afbrigði. Algengustu afbrigðin eru: gráerta (var. *sativum*) með hvít blóm og kringlótt, einlit fræ og fóðurerta (var. *arvense*) með fjólublá eða ljósblá blóm og köntuð, marmaramynstruð fræ. Blöðin hafa eitt eða tvö næstum kringlótt smáblöð og einn greinóttan klifurþráð í staðinn fyrir endablaðið. Flaggblöðin eru mjög stór og líkjast smáblöðum. Ertur hafa grunnt og veikt rötarkerfi. Ertur vaxa hér á landi eingöngu í ræktunarlandi þar sem þeim er sáð.



Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Ertur hafa hér á landi verið ræktaðar í litlum mæli sem græn fóður í blöndu með korntegundum, aðallega höfrum. Einnig gætu þær reynst vel í blöndu með byggi sem heilsæði í stað repju. Þær eru góðar fóðurjurtir sem eru prótein- og steinefnaríkar og frekar trénilitlar miðað við grastegundir. Fóðrunarvirðið er hátt. Ertublöndur eru fyrst og fremst ræktaðar til sláttar og votverkaðar. Tilgangurinn með ertunum er að auka fóðrunarvirði fóðursins og einnig til að komast af með minni köfnunarefnisáburð sem er sérstaklega mikilvægt í lífrænni ræktun. Gallar ertunnar eru líkt og hjá öðrum fóðurjurtum af ertublómaætt, ótrygg uppskera en við kjöraðstæður geta ertublöndur gefið 4-8 þurrefnistonn á ha.

Ræktunarleiðbeiningar

Fóðurertum er alltaf sáð í blöndu með korntegundum. Þær vaxa best í rökum en vel ræstum steinefnaríkum jarðvegi með hátt sýrustig. Í slíkum jarðvegi er köfnunarefnisupptaka ertunnar mest. Þúsund kornþyngdin er 100 - 300 g og ráðlagt sáðmagn því breytilegt. Stefna ber að 50-70 ertuplöntum á hvern m². Ráðlagt sáðmagn byggs með ertum í heilsæði er 75-100 kg en græn fóðurhafra 50 kg. Sáðdýpt (með korninu) er um 2 - 4 sm og sáðbeðið á að vera laust við illgresi og vel unnið (plægt, herfað og valtað). Til að tryggja eðlilegan vöxt ertunnar er nauðsynlegt að smita fræið með niturbindandi samlífsbakteríum. Mikilvægt er að sá ertuheilsæði eins snemma vors og mögulegt er líkt og byggi til þroska (lok apríl, byrjun maí). Græn fóðuertum má sá nokkuð seinna. Upplýsingar um heppileg yrki er að finna í "Nytjaplöntur á Íslandi" (vefrit LbhÍ og BÍ). Ertublöndurnar þurfa lítinn köfnunarefnisáburð (20-40 kg N/ha) en fullan græn fóður-skammt af P og K (sjá Handbók bænda).

